

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1628/2006

2008/EES/78/26

frá 24. október 2006

um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum altækrar ríkisaðstoðar⁽¹⁾, einkum i-lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tiltekin skilyrði sé aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildar-ríki, samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð á svæðum sem njóta aðstoðar í allmörgum ákvörðunum og hefur einnig sett fram stefnu sína, einkum í viðmiðunarreglum um innlenda, svæðisbundna aðstoð fyrir tímabilið 2007 til 2013⁽³⁾, og auk þess í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja⁽⁴⁾. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti

framkvæmdastjórnarinnar er rétt, í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur mikla reynslu af að beita 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð og í ljósi viðmiðunarreglnanna um innlenda svæðisbundna aðstoð, sem framkvæmdastjórnin gefur út á grundvelli ákvæða þeirra, að hún nýti sér þær heimildir sem henni eru falдар með reglugerð (EB) nr. 994/98.

- 3) Með því að fjalla um annmarka illa settra svæða stuðlar innlend svæðisbundin aðstoð að efnahagslegri, félagslegri og svæðisbundinni samheldni aðildarríkjanna og Bandalagsins í heild. Innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð er ætlað að aðstoða við að byggja upp verst settu svæðin með því að styðja við fjárfestingar og efla atvinnusköpun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Hún stuðlar að útvíkkun, hagræðingu, nútímavæðingu og fjölbreytileika í atvinnustarfsemi fyrirtækja sem eru staðsett á harðbýlum svæðum, einkum með því að hvetja fyrirtæki til að stofna nýjar starfsstöðvar þar.
- 4) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkigildi. Við útreikning á styrkigildi aðstoðar, sem greiða má í nokkrum afborgunum, er nauðsynlegt að nota gildandi markaðsvexti á þeim tíma sem styrkurinn er veittur. Til að tryggja samræmda, gagnsæja og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir, að því er varðar þessa reglugerð, séu viðmiðunarvextir í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður reglubundið á grundvelli hlutlægra viðmiðana og birtir eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og á Netinu.
- 5) Til þess að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit skal þessi reglugerð eingöngu gilda um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð sem er gagnsæ. Að því er varðar þessi aðstoðarkerfi er hægt að reikna nákvæmlega ígildi brúttófjárfestings fyrir fram, sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði, án þess að þörf sé á að gera áhættumat (t.d. fjárfestirki, vaxtastyrki og tilslakanir í ráðstöfunum er varða skattamál). Almenn lán skulu talin vera gagnsæ að því tilskildu að sett sé venjuleg trygging fyrir þeim og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu og því ekki talin fela í sér neina ríkisábyrgð. Að jafnaði skulu aðstoðarkerfi sem fela í sér ríkisábyrgð eða almenn lán með einhverri ríkisábyrgð ekki teljast gagnsæ. Þess háttar aðstoðarkerfi skulu þó teljast gagnsæ ef framkvæmdastjórnin, að fenginni tilkynningu, hefur samþykkt aðferðina, sem notuð er til að reikna umfang

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 26.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 120, 20.5.2006, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 10, 13.1.2001, bls. 33. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1040/2006 (Stjtið. ESB L 187, 8.7.2006, bls. 8).

aðstoðar í formi ríkisábyrgðar, áður en aðstoðin kemur til framkvæmda eftir að þessi reglugerð hefur verið samþykkt. Framkvæmdastjórnin metur aðferðina í samræmi við tilkynninguna um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgðar⁽¹⁾. Almenn þátttaka og aðstoð sem felst í ráðstöfunum um áhættufjármagn skal ekki teljast gagnsæ aðstoð. Framkvæmdastjórninni skal ætíð tilkynnt um svæðisbundna aðstoð sem ekki er gagnsæ. Framkvæmdastjórnin mun meta tilkynningar um ógagnsæja, svæðisbundna aðstoð, einkum í ljósi viðmiðananna, sem eru settar fram í viðmiðunarreglunum um innlenda svæðisbundna aðstoð, fyrir tímabilið 2007 til 2013.

6) Þessi reglugerð skal einnig gilda um sérstaka aðstoð, þ.e.a.s. staka aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis, ef hin sérstaka aðstoð er notuð til viðbótar aðstoð sem veitt er á grundvelli gagnsærrar, svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar og hinn sérstaki þáttur er ekki meira en 50% af heildaraðstöðinni sem skal veita í fjárfestinguna. Hafa ber í huga að stök aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem veitt er utan aðstoðarkerfis í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 70/2001, samrýmist hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og er undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

7) Aðstoð sem uppfyllir allar kröfur í þessari reglugerð skal undanþegin tilkynningarskyldunni. Svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skulu fela í sér skýra tilvísun í þessa reglugerð.

8) Þessi reglugerð gildir ekki um tiltekna atvinnugreinar þar sem sérstakar reglur gilda. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um aðstoð sem veitt er til þessara atvinnugreina, í samræmi við 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Þetta á við um kola- og stáliðnað, syntetískan trefjaiðnað og skipasmiðar, fiskveiðar og lagareldi. Þessi reglugerð gildir ekki um starfsemi í landbúnaði sem tengist frumframleiðslu landbúnaðarafurða sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálann. Hún gildir um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, þó ekki framleiðslu og markaðssetningu vöru sem er eftirlíking eða kemur í stað mjólkur og mjólkurafurða, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1898/87 frá 2. júlí 1987 um verndun heita sem notuð eru við markaðssetningu á mjólk og mjólkurafurðum⁽²⁾. Starfsemi á bújörðum, sem er nauðsynleg fyrir undirbúning afurða til fyrstu sölu, og fyrsta sala til endurseljenda og vinnsluadila skal ekki teljast til vinnslu eða markaðssetningar í þessu samhengi. Þessi reglugerð skal tryggja að alltaf sé hægt að ná umfangi aðstoðar í

þágu fyrirtækja, sem sjá um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, sem sett er fram í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning þróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar við byggðapróun í dreifbýli⁽³⁾.

9) Framkvæmdastjórnin lítur æ neikvæðari augum á aðstoð til tiltekinnar atvinnugreina. Fjárfestingaraðstoðarkerfi, sem beinast að sérstakri atvinnustarfsemi á framleiðslu- eða þjónustusviði, skulu því ekki undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt þessari reglu-gerð. Svæðisbundin kerfi fjárfestingaraðstoðar, sem miðast við ferðaþjónustu, skulu þó ekki talin beinast að sérstökum sviðum og skulu undanþegin ákvæðum 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu, að því tilskildu að veitt aðstoð uppfylli skilyrði þessarar reglugerðar.

10) Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna ráðgjafar og annarrar þjónustu, í samræmi við a-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 70/2001 samrýmist hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og er undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Af þeim sökum skal þess háttar aðstoð ekki heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar.

11) Í samræmi við fasta venju framkvæmdastjórnarinnar og í þeim tilgangi að tryggja betur að aðstoð sé í réttum hlutföllum og takmarkist við nauðsynlega fjár-hæð skulu mörkin tilgreind sem umfang aðstoðar borið saman við aðstoðarhæfan kostnað fremur en sem hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar.

12) Rétt er að setja frekari skilyrði sem þarf að uppfylla í tengslum við öll aðstoðarkerfi eða staka aðstoð sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð. Samkvæmt c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans skal slík aðstoð að jafnaði ekki hafa þann tilgang einan að draga, samfelld eða í áföngum, úr rekstrarkostnaði sem aðstoðarþegi þarf venjulega að bera og skal hún vera í réttu hlutfalli við þann vanda sem þarf að leysa til að tryggja félagsdagfræðilegan ávinning sem telst vera hagr Bandalagsins. Það er því rétt að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við svæðisbundna aðstoð sem veitt er í tengslum við upphaflegar fjárfestingar í skilningi þessarar reglugerðar. Svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem taka til rekstraraðstoðar, falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu. Aðstoð við nýstofnuð, lítil fyrirtæki, önnur en fjárfestingar- eða ráðgjafaraðstoð, fellur einnig undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 71, 11.3.2000, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 182, 3.7.1987, bls. 36. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

- 13) Þar eð framkvæmdastjórnin verður að tryggja að heimiluð aðstoð breyti ekki viðskiptakjörum, þannig að þau brjóti í bága við almannahagsmuni, skal fjárfestingaraðstoð, sem veitt er aðstoðarþega sem krafinn er um endurgreiðslu, í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu gilda áfram um slíka aðstoð.
- 14) Til að auka ekki hlut fjármagnsbáttarins í fjárfestingu á kostnað verkþáttarins skal mæla fyrir um ráðstafanir til að unnt sé að meta aðstoð við fjárfestingu annaðhvort á grundvelli fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar vegna nýráðninga í beinum tengslum við framkvæmd fjárfestingarverkefnisins.
- 15) Framkvæmdastjórnin leggi áfram sérstakt mat á stórar fjárhæðir sem veittar eru til aðstoðar áður en þær eru greiddar út. Til samræmis við það skulu fjárhæðir aðstoðar, sem eru yfir ákveðinni viðmiðunarfjárhæð og veittar eru einu fyrirtæki eða starfsstöð á grundvelli gildandi aðstoðarkerfis, ekki undanþegnar, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, heldur falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu. Til þess að koma í veg fyrir að stórum fjárfestingarverkefnum sé óeðlilega skipt í undirverkefni skal stórt fjárfestingarverkefni teljast eitt fjárfestingarverkefni ef sama fyrirtækið eða fyrirtækin ráðast í upphaflegu fjárfestinguna innan þriggja ára og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir. Til að meta hvort upphafleg fjárfesting er fjárhagslega óskiptanleg tekur framkvæmdastjórnin til greina tæknileg, starfræn og skipuleg tengsl og nánasta umhverfi. Fjárhagslegur óskiptanleiki verður metinn óháð eignarhaldi. Í þessu felst að til þess að ákvarða hvort stórt fjárfestingarverkefni telst vera eitt fjárfestingarverkefni ætti matið að vera það sama án tillits til þess hvort eitt fyrirtæki vinnur verkefnið, fleiri en eitt fyrirtæki deila fjárfestingarkostnaðinum eða fleiri fyrirtæki bera kostnaðinn af aðskildum fjárfestingum innan saman fjárfestingarverkefnis (t.d. ef um er að ræða samrekstur).
- 16) Mikilvægt er að tryggja að svæðisbundin aðstoð kalli fram raunveruleg hvetjandi áhrif og hún sé hvati til fjárfestinga, sem annars yrði ekki ráðist í á svæðum sem njóta aðstoðar, og aðgerða sem hvetja til þróunar nýrrar starfsemi. Áður en vinna hefst við verkefnið sem nýtur aðstoðar skulu því yfirvöld, sem bera ábyrgð, staðfesta skriflega að verkefnið fullnægi skilyrðum fyrir aðstoðarhæfi, fljótt á litið. Orðsending með símbrefi eða tölvupósti telst einnig vera skrifleg staðfesting.
- 17) Með tilliti til þess hve sérhæfð svæðisbundin aðstoð er skal undanþága, samkvæmt þessari reglugerð, ekki taka til aðstoðar sem bætist við aðra ríkisaðstoð, t.d. aðstoð sem lands-, svæðis- eða staðaryfirvöld veita, eða Bandalagsaðstoð í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun fer yfir viðmiðunarmörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skal ekki bætast við minniháttar stuðning í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð⁽¹⁾, að því er varðar sama aðstoðarhæfa kostnaðinn, ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.
- 18) Þessi reglugerð gildir ekki um aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi til þriðju landa eða aðildarríkja, einkum þegar um er að ræða aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning og aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendir vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.
- 19) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekin verði upp stöðluð framsetning þar sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í stuttu máli til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða sérstök aðstoð veitt í samræmi við þessa reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðarkerfi sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð. Til þess að greiða fyrir stjórnsýslumeðferð, og með hliðsjón af því að nauðsynleg tækni er almennt aðgengileg, skal staðlaða samantektin vera á tölvutæku formi. Í því skyni að auka gagnsæi og svæðisbundna aðstoð í stækkuðu Bandalagi skulu aðildarríkin birta orðrétta texta aðstoðarkerfisins og senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um netfangið þar sem hann er birtur.
- 20) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar.

(¹) Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

21) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkjanna að tilkynna um veitingu stakrar aðstoðar samkvæmt skyldum, sem aðildarríkin hafa gengist undir með skirskotun til annarra tegunda ríkisaðstoðar, einkum skylduna að tilkynna framkvæmdastjórninni um eða greina henni frá aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar fyrirtækis, í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum ⁽¹⁾.

- a) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi til þriðju landa eða aðildarríkja, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,
- b) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2. gr.

1. gr.

Skilgreiningar

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um gagnsæ, svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi sem teljast fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Hún gildir einnig um sérstaka aðstoð sem felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans ef hin sérstaka aðstoð er notuð til viðbótar aðstoð sem veitt er á grundvelli gagnsærra svæðisbundinna fjárfestingaraðstoðarkerfa og hinn sérstaki þáttur fer ekki yfir 50% af heildaraðstoð sem veitt er fyrir fjárfestinguna.

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2. Þessi reglugerð gildir ekki um aðstoð á eftirfarandi sviðum:

- a) fiskveiðar og lagareldi,
- b) skipasmíðar,
- c) kolaiðnað,
- d) stáliðnað,
- e) gervitrefjaiðnað.

- a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans,
- b) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 70/2001,

c) „upphafleg fjárfesting“:

- i. fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum sem tengjast stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar sem fyrir er, aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar á nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreyting í heildarframleiðsluferli starfsstöðvar sem fyrir er, eða
- ii. yfirtaka fjármunaeigna sem tengjast starfsstöðinni beint ef starfsstöðinni hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt og óháður fjárfestir kaupir eignirnar.

Hún gildir ekki um starfsemi sem tengist frumframleiðslu á landbúnaðarafurðum og er tilgreind í I. viðauka sáttmálans. Hún gildir um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, þó ekki framleiðslu og markaðssetningu vöru sem er eftirlíking eða kemur í stað mjólkur og mjólkurafurða, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1898/87.

Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki upphafleg fjárfesting,

3. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi aðstoð:

- d) „sérstök aðstoð“: stök aðstoð sem ekki er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis,
- e) „efnislegar eignir“: eignir sem tengjast landi, byggingum og stöðvum/vélbúnaði,
- f) „óefnislegar eignir“: eignir sem felast í yfirfærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verkþekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa,

⁽¹⁾ Stjótið. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2.

- g) „stór fjárfestingarverkefni“: upphafleg fjárfesting í fjármunaeign með aðstoðarhæfum kostnaði yfir 50 milljónir evra, reiknuð á verði og gengi þess dags þegar aðstoðin er veitt; stórt fjárfestingarverkefni mun teljast vera stakt fjárfestingarverkefni þegar sama fyrirtæki eða sömu fyrirtæki ráðast í upphaflega fjárfestingu innan þriggja ára tímabils og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir,
- h) „umfang aðstoðar með núverandi ígildi brúttóstyrks (GGE)“: núvirði aðstoðarinnar sem hlutfall af núvirði aðstoðarhæfs kostnaðar,
- i) „gagnsæ svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi“: svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi þar sem hægt er að reikna nákvæmlega ígildi brúttófjárstyrksins fyrir fram, sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði, án þess að gera áhættumat (t.d. kerfi sem nota fjárstyrki, vaxtastyrki og tilslakanir í ráðstöfunum er varða skattamál),
- j) „upphaf verks“: annaðhvort upphaf byggingarframkvæmda eða fyrsta lagalega bindandi skuldbindingin sem felst í að panta búnað, að undanskilinni forhagkvæmniathugun, hvort heldur er á undan,
- k) „atvinnusköpun“: nettóaukning á fjölda ársverka eða fjölda þeirra einstaklinga, sem ráðnir eru í vinnu við sérstaka starfsstöð miðað við meðaltal 12 síðustu mánaða, í fullu starfi í eitt ár; hlutastarf og árstíðabundin störf teljast brot af ársverkum,
- l) „launakostnaður“: sú heildarfjárhæð, sem þiggjanda aðstoðarinnar ber að greiða að því er varðar viðkomandi starf, sem flokkast undir brúttólaun fyrir skatt og skyldubundið framlag, t.d. almannatryggingagjöld,
- m) „störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis“: störf er varða þá starfsemi sem fjárfestingin tengist og verða til innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur, þ.m.t. störf sem verða til í kjölfar aukinnar nýtingar vegna afkastanna sem skapast með fjárfestingunni,
- n) „landbúnaðarafurðir“:
- afurðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka sáttmálans, þó ekki afurðir fiskveiða og lagareldis sem falla undir reglugerð (EB) nr. 104/2000 ⁽¹⁾,
 - vörur sem falla undir kóðana 4502, 4503 og 4504 (korkvörur) í sameinuðu tollnafnaskránni,
 - vörur sem ætlað er að líkja eftir eða koma í stað mjólkur og mjólkurafurða, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1898/87,
 - „afurðir sem eiga að líkja eftir eða koma í stað mjólkur og mjólkurafurða“: afurðir sem hægt væri að rugla saman við mjólk og/eða mjólkurafurðir en samsetning þeirra er önnur en slíkra afurða að því leyti að þær innihalda fitu og/eða prótín sem eru af öðrum uppruna en mjólk með eða án prótíns úr mjólk („afurðir aðrar en mjólkurafurðir“, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1898/87),
 - „vinnsla landbúnaðarafurða“: öll starfsemi er varðar landbúnaðarafurðir ef afrakstur hennar er afurð sem einnig er landbúnaðarafurð, þó ekki starfsemi á bújörðum sem er nauðsynleg við undirbúning dýra- eða plöntuafurða til fyrstu sölu,
 - „markaðssetning landbúnaðarafurða“: að hafa til umráða eða sýna með það í huga að selja, bjóða til sölu, afhenda eða einhver önnur aðferð til að markaðssetja, þó ekki fyrsta sala frumframleiðanda til endurseljenda og vinnsluaðila og öll starfsemi sem felst í að undirbúa afurð fyrir þess háttar fyrstu sölu, sala bónda til neytenda skal aðeins teljast markaðssetning ef hún fer fram á sérstökum stað sem notaður er í þeim tilgangi,
 - „ferðaþjónusta“: eftirfarandi viðskiptastarfsemi, samanber atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endurskoðun 1.1 ⁽²⁾:
 - Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 55: Hótel- og veitingahúsarekstur,
 - Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 63.3: Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðasala og aðstoð við ferðamenn,
 - Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 92: Tímstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi.
2. Kerfi sem nota almenn lán eru talin gagnsæ svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi, í skilningi i-liðar 1. mgr., ef sett er venjuleg trygging fyrir þeim og þau hafa ekki í för með sér óeðlilega áhættu og því ekki talin fela í sér neina ríkisábyrgð; kerfi sem nota ríkisábyrgð eða almenn lán með ríkisábyrgð eru talin vera gagnsæ ef aðferðin við útreikning á umfangi aðstoðar ríkisábyrgðarinnar var samþykkt áður en aðstoðin kemur til framkvæmda, í kjölfar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, eftir að þessi reglugerð hefur verið samþykkt. Almenn þátttaka og aðstoð sem felst í ráðstöfunum um áhættufjármagn skal ekki teljast gagnsæ aðstoð.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22.⁽²⁾ Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Gagnsæ svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu:

- a) að aðstoð, sem er veitt samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar,
- b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Aðstoð upp að þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við e-lið 7. gr. og er veitt á grundvelli kerfanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar.

3. Sérstök aðstoð, sem einungis er notuð til viðbótar veittri aðstoð á grundvelli gagnsærra, svæðisbundinna fjárfestingaraðstoðarkerfa og fer ekki yfir 50% heildaraðstoðar, sem veita skal til fjárfestingarinnar, skal samrýmast hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að sérstaka aðstoðin sem veitt er uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Aðstoð til upphaflegrar fjárfestingar

1. Aðstoð til upphaflegrar fjárfestingar skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu:

- a) að aðstoðin sé veitt á svæðum sem eru aðstoðarhæf fyrir svæðisbundna aðstoð, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, og
- b) að umfang aðstoðar með núverandi gildi brúttóstyrkveitingar fari ekki yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar, sem er í gildi á svæðinu þar sem fjárfestingin er gerð á þeim tíma sem aðstoðin er veitt, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt fyrir svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013.

Að undanskilinni aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna og aðstoðar til flutningsgeirans, má hækka efri mörkin í b-lið um 20 prósentustig fyrir aðstoð til upphaflegrar fjárfestingar sem er veitt litlum fyrirtækjum og um 10 prósentustig fyrir aðstoð sem er veitt til meðalstórra fyrirtækja.

2. Auk almennra skilyrða um undanþágu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal aðstoð við upphaflega fjárfestingu uppfylla eftirfarandi sérstök skilyrði:

- a) fjárfestingin skal standa yfir í a.m.k. fimm ár á svæðinu þar sem styrkurinn er veittur, eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, eftir að allri fjárfestingunni er lokið,
- b) til að teljast aðstoðarhæfar skulu óefnislegar eignir:
 - i. eingöngu notaðar í starfsstöðinni sem þiggur svæðisbundna aðstoðina,
 - ii. taldar vera afskrifanlegar eignir,
 - iii. keyptar af þriðju aðilum við markaðsaðstæður,
 - iv. vera innifaldar í eignum fyrirtækisins og vera áfram í starfsstöðinni sem fær svæðisbundna styrkinn í a.m.k. fimm ár eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki,

- c) þegar aðstoðin er reiknuð á grundvelli efnislegs eða óefnislegs fjárfestingarkostnaðar, eða yfirtökukostnaðar ef um slíkt er að ræða, skal aðstoðarþeginn fjármagna a.m.k. 25% aðstoðarhæfs kostnaðar, annaðhvort af eigin fé eða með ytri fjármögnun, með einhverjum hætti sem ekki felur í sér opinberan stuðning. Þegar hámarksaðstoð, sem er samþykkt á grundvelli innlendu áætlunarinnar um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki, aukin í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr., ef við á, fer yfir 75%, lækkar þó fjárframlag aðstoðarþega í samræmi við það.

Skilyrðin í a-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að skipt sé um úrteltan tækjakost eða búnað á því tímabili sem um getur í þeim lið vegna hraðra tæknibreytinga, að því tilskildu að atvinnustarfsemi haldist á viðkomandi svæði í lágmarkstíma.

3. Efri mörkin, sem eru fastsett í 1. mgr., skulu gilda um umfang aðstoðarinnar, sem er reiknuð annaðhvort sem hlutfall af aðstoðarhæfum efnislegum eða óefnislegum kostnaði við fjárfestinguna eða sem hlutfall af áætluðum launakostnaði einstaklingsins sem var ráðinn, reiknað fyrir tveggja ára tímabil, fyrir störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis, eða hvort tveggja, að því tilskildu að aðstoðin fari ekki yfir þá fjárhæð sem hærri er af útreikningi á hvoru um sig.

4. Aðstoðarhæfi fjárfestingarkostnaðurinn skal reiknaður til núvirðis á þeim tíma sem aðstoðin er veitt. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem aðstoðin er veitt. Í þeim tilvikum sem veitt aðstoð felst í undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum sem á að greiða síðar, með fyrirvara um að virt sé tiltekið umfang aðstoðar sem er skilgreint með núverandi ígildi brúttóstyrks, koma til afvaxtanir hlutagreiðslna aðstoðar á grundvelli viðmiðunarfaxta sem eru í gildi á hinum mismunandi tímum þegar þetta skattahagræði kemur til framkvæmda.

5. Ef um yfirtöku á starfstöð er að ræða skal einungis tekið tillit til kostnaðar við kaup á eignum af þriðja aðila, að því tilskildu að viðskiptin fari fram við markaðsaðstæður. Ef yfirtökunni fylgir önnur upphafleg fjárfesting skulu útgjöld, sem tengjast hinu síðarnefnda, bætast við kostnaðinn vegna kaupanna.

6. Einungis skal tekið tillit til kostnaðar, sem tengist yfirtöku á eignum sem leigusamningur fylgir, öðrum en landi og byggingum, ef leigusamningurinn er í formi fjármögnunarleigu og felur í sér skuldbindingu um að kaupa eignina þegar skilmálar leigusamningsins renna út. Fyrir leigu á landi og byggingum skal leigusamningurinn gilda í a.m.k. fimm ár eftir að áætlað er að fjárfestingaverkefninu ljúki eða þremur árum ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

7. Í flutningsgeiranum skal kostnaður vegna kaupna á flutningsbúnaði (færanlegum eignum) ekki vera aðstoðarhæfur vegna upphaflegrar fjárfestingar.

8. Eignirnar sem aflað er skulu vera nýjar nema ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki og yfirtökur. Ef um er að ræða yfirtökur skulu eignir sem eru keyptar með aðstoð, sem var veitt fyrir kaupin dregnar frá. Ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki má einnig taka tillit til heildarkostnaðar við fjárfestingar í óefnislegum eignum. Fyrir stærri fyrirtæki er slíkur kostnaður aðeins aðstoðarhæfur upp að 50% af heildarútgjöldum aðstoðarhæfs fjárfestingarverkefnis.

9. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli launakostnaðar skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- a) atvinna skal skapast beinlínis vegna fjárfestingarverkefnis,
- b) atvinna skal skapast innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur og skal hvert starf haldast í minnst fimm ár eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

10. Þrátt fyrir 1. mgr. má auka hámarksumfang aðstoðar vegna fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða í:

- a) 50% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem eiga rétt á aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 40% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, ef þiggjandi aðstoðar er lítið eða meðalstórt fyrirtæki,
- b) 25% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem rétt eiga á aðstoð, skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 20% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabili 2007 til 2013, ef þiggjandi aðstoðar hefur færri en 750 starfsmenn og/eða minna en 200 milljónir í veltu, reiknað út í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB⁽¹⁾, og ef slíkur þiggjandi aðstoðar fullnægir öðrum skilyrðum þeirra tilmæla.

5. gr.

Forsendur fyrir aðstoð

1. Samkvæmt þessari reglugerð skal aðstoð, sem veitt er samkvæmt svæðisbundnu fjárfestingaraðstoðarkerfi, aðeins vera undanþegin ef þiggjandi aðstoðar hefur lagt fram umsókn til innlendra eða svæðisbundinna yfirvalda um aðstoð áður en vinna við verkefnið hefst og, að því er varðar umsóknir sem lagðar eru inn fyrir 1. janúar 2007, yfirvald sem ber ábyrgð á stjórn kerfisins, hefur staðfest skriflega að verkefnið fullnægi skilyrðum um aðstoðarhæfi sem sett eru með kerfinu, með fyrirvara um lokaniðurstöðu nákvæmrar sannprófunar. Í aðstoðarkerfinu skal vísa með skýrum hætti í bæði skilyrðin. Ef vinnan hefst áður en skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessari grein, er fullnægt skal verkefnið í heild ekki eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um aðstoðarkerfi ef skattur er undanþeginn eða lækkun er sjálfkrafa veitt vegna aðstoðarhæfs kostnaðar, án þess að ákvörðun yfirvalda komi til.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

6. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru fastsett í 4. gr., skulu gilda um heildarfjárhæð opinbers stuðnings við verkefni sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu, landsbundnu framlagi eða af sjóðum Bandalagsins.

2. Aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða við aðra fjármögnun Bandalagsins í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru fastsett í þessari reglugerð.

3. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð skal ekki bætast við minniháttar stuðning í skilningi reglugerðar (EB) nr. 69/2001, að því er varðar sama aðstoðarhæfa kostnaðinn, ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru fastsett í þessari reglugerð.

7. gr.

Aðstoð sem skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram

Eftirfarandi aðstoð skal ekki undanþegin frá tilkynningu, samkvæmt þessari reglugerð, og falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. sáttmálans um tilkynningar-skyldu.

- a) ógagnsæ, svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi,
- c) svæðisbundin aðstoðarkerfi þar sem veitt er rekstraraðstoð,
- d) svæðisbundin aðstoðarkerfi þar sem veitt er aðstoð önnur en fjárfestingar- eða ráðgjafaraðstoð til nýstofnaðra litilla fyrirtækja,
- e) svæðisbundin aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna á grundvelli fyrirbyggjandi aðstoðarkerfa, ef heildarfjárhæð allrar aðstoðar fer yfir 75% af hámarksfjárhæð aðstoðar sem fjárfesting, með aðstoðarhæfum kostnaði, sem nemur 100 milljónum evra getur hlotið, ef miðað er við stöðluð efri mörk aðstoðar sem eru í gildi fyrir stór fyrirtæki á samþykktu kortinu um svæðisbundna aðstoð á þeim degi sem veita skal aðstoðina,
- f) sérstök svæðisbundin aðstoð, önnur en sú sem er undanþegin samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 70/2001 og 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,

- g) fjárfestingaraðstoð í þágu þiggjanda aðstoðar sem er háð endurgreiðslukröfu í kjölfar ákvörðunar framkvæmda-stjórnarinnar sem lýsir aðstoðina ólöglega og ósamrýmanlega sameiginlega markaðnum.

8. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis eða veitingu sérstakrar aðstoðar, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmda-stjórninni yfirlit upplýsinga um slíkt aðstoðarkerfi, innan 20 virkra daga, til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í því formi sem mælt er fyrir um í I. viðauka. Því skal skilað rafrænt á tölvutæku formi.

2. Þegar svæðisbundin aðstoð er veitt á grundvelli fyrirbyggjandi aðstoðarkerfis til stórra fjárfestingarverkefna, sem eru undir viðmiðunarmörkum fyrir stakar tilkynningar, sem mælt er fyrir um í e-lið 7. gr., skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni umbeðnar upplýsingar, rafrænt, á stöðluðu eyðublaði eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, í tölvutæku formi innan 20 virkra daga frá þeim degi sem lögbært yfirvald veitir aðstoðina. Framkvæmdastjórnin mun sjá til þess að samanteknar upplýsingar séu aðgengilegar almenningi á vefslóð hennar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/>).

3. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðar-kerfi sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð og staka aðstoð sem veitt er samkvæmt þessum kerfum. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins ef réttur þess til aðstoðar er háður stöðu þess sem litils eða meðalstórs fyrirtækis. Aðildarríkin skulu halda skrár yfir aðstoðarkerfi í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmda-stjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauð-synlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

4. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmda-stjórnina um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár, eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir, í því formi sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ⁽¹⁾.

5. Aðildarríki skulu birta orðrétta texta aðstoðarkerfanna sem falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar og senda netfangið þar sem hann er birtur til framkvæmdastjórnarinnar. Þær upplýsingar skulu einnig koma fram í ársskýrslunni sem lögð er fram, skv. 4. mgr. Verkefni þar sem stofnað var til kostnaðar áður en aðstoðin var tilkynnt skulu ekki eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1.

9. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún gildir um aðstoðarkerfi sem tóku gildi, eða komu til framkvæmda, eftir 31. desember 2006.

Hún skal gilda til 31. desember 2013.

2. Þar til reglugerð þessi öðlast gildi verða tilkynningar metnar í samræmi við ákvæði hennar. Aðstoðarkerfi sem koma

til framkvæmda fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og aðstoð, veitt samkvæmt þessum kerfum án heimildar framkvæmdastjórnar og uppfyllir ekki tilkynningarskylduna, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, skulu samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin samkvæmt þessari reglugerð ef þau fullnægja öllum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skal undanþága vegna aðstoðarkerfa, sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, renna út á þeim degi sem gildistímabil samþykktis korts yfir svæðisbundna aðstoð rennur út.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sendar frá aðildarríkjum að því er varðar veitta aðstoð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð

(Þessu skal skilað á tölvutæku formi, með tölvupósti, til stateaidgreffe@ec.europa.eu)

Aðstoð nr.:	XR (aðalskrifstofa samkeppnismála fyllir út)/ár		
Aðildarríki			
Svæði þar sem kerfið gildir (flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II))			
Heiti aðstoðarkerfis eða nafn fyrirtækis sem fær viðbót við sérstaka aðstoð			
Lagaákvæði (fyrir kerfið eða fyrir sérstöku aðstöðina) Legal basis			
Áætluð, árleg útgjöld vegna <u>kerfisins</u>: Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Tilgreina skal árlega heildar-fjárhæð fjárveitingar eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem til eru í kerfinu. Ef við á skal einnig tilgreina á hve mörg ár aðstoðin skiptist eða í hve mörg ár skattatap á sér stað.	Árleg heildarfjárhæð samkvæmt kerfinu Evrur . . . milljónir Heildarfjárhæð sérstakrar aðstoðar. Evrur . . . milljónir Greitt á . . . árum		
Mesta umfang aðstoðar Tilgreina skal %	Í samræmi við 4. gr. Já Nei reglugerðar	Já	Nei
Dagsetning framkvæmdar (tilgreina skal upphafsdag aðstoðar samkvæmt aðstoðarkerfi eða daginn þegar sérstök aðstoð er veitt)	Til .../.../20...		
Gildistími (tiltaka skal til hvaða dags veita má aðstoð samkvæmt kerfinu eða, ef um er að ræða sérstaka aðstoð, þá dagsetningu sem gert er ráð fyrir að sé síðasti greiðsludagur)	Til .../.../20...		

Viðkomandi atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð	Já
	Takmarkað við tiltekna atvinnugreinar Tilgreina skal samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endurskoðun 1.1 (NACE rev. 1.1) ⁽¹⁾ :	Já/Nei
Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð (Tilgreina skal símanúmer og tölvupóstfang) Tilgreina skal netfangið þar sem aðstoðarkerfið er birt.	Heiti	
	Heimilisfang	
⁽¹⁾ NACE Rev. 1.1 er atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1.		

II. VIÐAUKI

Eyðublöð fyrir samantekt upplýsinga sem veittar eru fyrir aðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna ef aðstoðin fer ekki yfir viðmiðunarmörkin sem um getur í e-lið 7. gr.

1. Aðstoð í þágu (nafn fyrirtækis (fyrirtækja) sem fær aðstoðina).
 2. Tilvísun aðstoðarkerfis (vísun framkvæmdastjórnarinnar í það eða þau fyrirbyggjandi kerfi sem veitt aðstoð fellur undir).
 3. Opinber stofnun/stofnanir sem veita aðstoðina (nafn og tengiliðir þess yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina).
 4. Aðildarríki þar sem fjárfestingin fer fram.
 5. Svæði (3. stig í flokkun hagskýrslusvæða NUTS 3) þar sem fjárfestingin fer fram.
 6. Sveitarfélag (áður 5. stig í flokkun hagskýrslusvæða, nú LAU 2) þar sem fjárfestingin fer fram.
 7. Tegund verkefnis (stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar sem fyrir er, aukin fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreytingu í heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar).
 8. Framleiddar vörur eða þjónusta veitt á grundvelli fjárfestingarverkefnisins (með vöruskrá Evrópubandalaganna/ atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna eða vörflokkun Evrópubandalagsins fyrir verkefni í þjónustugeiranum).
 9. Stutt lýsing á fjárfestingarverkefni.
 10. Núvirði aðstoðarhæfs kostnaðar við fjárfestingarverkefni (í evrum).
 11. Núvirði aðstoðarfjárhæðar (brúttó) í evrum.
 12. Umfang aðstoðar (% í núverandi jafngildi brúttóstyrks).
 13. Skilyrði háð greiðslum áformaðrar aðstoðar (ef um þau er að ræða).
 14. Áætluð upphafs- og lokadagsetning verkefnis.
 15. Dagsetning þegar aðstoð var veitt.
-